

Sp.

362. Tillaga til þingsályktunar

[179. mál]

um mengunarvarnir og heilbrigðisgæslu í álverinu í Straumsvík.

Flm.: Sigurður Magnússon, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir til mengunarvarna og heilbrigðisgæslu í álverinu í Straumsvík:

- 1) Tryggja þegar uppsetningu fullkornustu hreinsitækja sem vinni gegn ytri sem innri mengun á umhverfi verksmiðjunnar. Jafnframt tilkynni ríkisstjórnin ÍSAL, að verði hreinsitæki ekki komin upp innan árs verði rekstur verksmiðjunnar stöðvaður.
- 2) Komið verði upp aðstöðu til heilsugæsluþjónustu í sérstöku húsnæði við verksmiðjuna undir umsjón heilsugæslulæknis. Hlutverk heilsugæslustöðvarinnar auk almennrar lækniþjónustu sé að vinna að slysavörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum til að tryggja hollustu og heilbrigði. Skal unnið að þeim málum m. a. með almennu heilbrigðiseftirliti, skoðun vinnustaða og umhverfis og vinnu- aðstöðu, reglubundinni læknisskoðun, heilbrigðisleiðbeiningum og virkri starfsemi að heilbrigðis- og hollustumálum meðal starfsfólks.
- 3) Komið verði á sérstöku starfi heilbrigðis- og öryggismálafulltrúa, kjörins af starfsfólki verksmiðjunnar. Hlutverk hans er fyrir hönd starfsliðsins að fylgjast með, að öllum ákvæðum laga, reglugerða eða sérstakra samninga um heilbrigðis- og öryggismál sé framfylgt, bæði hvað varðar skyldur ÍSALS og starfsfólks verksmiðjunnar.
- 4) Komið verði á samstarfsnefnd skipaðri 5 fulltrúum starfsmanna og 5 fulltrúum verksmiðjueigenda, ásamt jafnmörgum varamönnum, auk heilsugæslulæknis, sem skal vera oddamaður samstarfsnefndarinnar og kalla hana saman. Velur hann sér varamann. Heilbrigðis- og öryggismálafulltrúi starfsfólks skal sitja fundi nefndarinnar þótt hann sé ekki kosinn í hana af starfsfólki.
Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur um bættan aðbúnað, heilbrigði og öryggi starfsfólks og vera til samstarfs aðilum og til ráðuneytis. Nefndin skal koma saman minnst annan hvern mánuð, eða oftár óski einhver nefndarmanna eftir því.
- 5) Semja skal við ÍSAL um greiðslu alls kostnaðar af mengunarrannsóknnum, sem nauðsynlegt er að framkvæma að mati heilbrigðisyfirvalda, til eftirlits með mengun og áhrifum hennar á ytra sem innra umhverfi verksmiðjunnar með tilliti til áhrifa á lífríki og heilsufar.

Greinargerð.

Er lögin um álverksmiðjuna í Straumsvík voru á sínum tíma til umræðu á Alþingi, vöruðu þingmenn Alþýðubandalagsins alvarlega við áhrifum mengunar sem stafa mundi af rekstri verksmiðjunnar, bæði á lífríkið umhverfis hana og á heilsufar starfsmanna hennar. Þannig vakti Alfreð Gíslason læknir og þáverandi þingmaður Alþýðubandalagsins sérstaklega athygli á þeirri hættu, sem starfsfólki álversins væri búin vegna ryks og flúormengunar, og varaði við þeim sjúkdómum sem slíkrri mengun gætu verið samfara. Um þetta segir hann í þingræðu 29. apríl 1966:

„Það er algengt í heiminum, að flúorvetni og önnur uppleysanleg flúorsambönd valdi mönnum heilsutjóni og dauða, enda eru þau talin í röð allra sterkustu eiturefna, sem til eru. Sjúkdómseinkennin, sem þessar eituregundir valda, geta verið með margvíslegu móti og fara aðallega eftir því, hvernig efnin berast inn í líkamann. Ef áhrifin eru sterk og snögg og verka á líkamann utan frá, erta þau og særa húð

og slímhúðir, geta valdið brunasárum á húð og skaddað stórlega slímhúðir, valdið lungnakvefi með hósta og andarteppu og fleiri hastarlegum einkennum.“

Síðar segir hann í sömu ræðu: „Hægfara flúoreitrun er til og hún lýsir sér fyrst og fremst með mjög sérkennilegum breytingum á beinum líkamans og handvef. Beininn verða eins og mölétin, bein aukar vaxa út úr beinum hér og þar og kalk sest í liðaböndin. Þessu fylgja ýmiss konar þrautir og óþægindi. Þessi tegund eitrunar, sem nefnd er flúorosis, er algeng í sambandi við verksmiðjurekstur.“

Jafnframt því, sem þannig var varað við sjúkdómahættu af völdum mengunar í álverinu, var varað alvarlega við þeirri hættu sem lífríkinu umhverfis bræðsluna stafaði af flúormengun, jafnt gróðri sem dýralífi.

Þessum aðvörunarorðum þingmanna Alþýðubandalagsins var ekki sinnt, og í samningunum var Alusuisse ekki skyldað til að koma upp hreinsitækjum, enda var sem íslenskir ráðamenn trygðu þá fullyrðingum svisslendinganna um þarfleysi slíkra mengunarvarna. Þetta kemur m. a. fram í svari þáverandi iðnaðarráðherra við fyrirspurn á Alþingi um öryggisútbúnað álverksmiðjunnar í Straumsvík 1. mars 1967, er hann segir: „Þannig hefur verið vitað, frá því fyrst var farið að ræða um byggingu álbræðslu hér á landi, að viss mengun gæti stafað af rekstri hennar, aðallega vegna uppgufunar á flúorvetni frá bræðsluofnum hennar. Má segja, að þetta sé sú eina tegund mengunar, sem orð sé á gerandi í sambandi við fyrirhugaða álbræðslu í Straumsvík. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir, er full ástæða til þess að ætla, að flúormengun muni ekki skapa teljandi vandamál í sambandi við vinnu verkamannanna og annarra í verksmiðjunni sjálfri, þar sem loftræsting í bræðsluofnum hennar og önnur vinnuskilyrði verða góð.“

Ákafi þeirra stjórnmalaflokka, sem stóðu að samningunum um álverið, þ. e. a. s. Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, var slíkur að þeir létu öll aðvörunarorð sem vind um eyru þjóta og töldu ekki ástæðu til að vefengja umsagnir svissneska álhringsins, sem gerði ekkert úr þessu vandamáli. Undirlægjuháttur einkendi því þennan þátt samningsgerðarinnar eins og reyndar samninginn allan.

Reynslan hefur hins vegar sannað, að það var ekki ástæðulaust að óttast mengun frá álverinu í Straumsvík og það var ábyrgðarlaus greiðasemi við auðhringinn að spara honum þann kostnað að koma þegar í upphafi upp fullkomnustu hreinsitækjum.

Margvíslegar athuganir hafa farið fram á gróðri í nágrenni álversins, og hafa þær sýnt skaðleg áhrif flúormengunar. Nú síðast kom fram í skýrslu, sem heilbrigðisráðherra gaf Alþingi 1. mars s.l., að um mjög alvarleg tilfelli atvinnusjúkdóma er að ræða hjá starfsmönnum álversins. M. a. kemur þetta fram í niðurstöðum rannsókna á vinnuskilyrðum í álverinu, sem framkvæmdar voru eftir ósk verkalyðsfélaga, en um þá segir m. a. orðrétt í skýrslu heilbrigðisráðherra:

1. Vinnustaðir verksmiðjunnar skoðaðir og var niðurstaða skoðunarinnar sú, að allmikið ryk væri í þessum vinnustöðum og fann skoðunarmaður fyrir óþægindum frá öndunarfærum vegna hins mengaða lofts.
2. Rannsakað var loftkennt flúormagn (flúorvetni) í kerskála, en niðurstöðu þeirra rannsókna er ekki getið í skýrslunni. Aftur á móti eru til rannsóknir á flúorvetni frá nóv. 1971, en þar er sagt að niðurstöður séu lægri en búast mátti við, sennilega vegna vandkvæða við sýnishornatökuna.
3. Brennisteinssýrlingur (S_2) var rannsakaður í andrúmslofti í kerskála og skautasmíðju og reyndist vera að meðaltali 0.14 mg/rúmm, en hæstu tölur einstakra mælinga fóru upp í 0.475 mg/rúmm, og var talið að þessar tölur væru innan uppgefinna hættumarka.
4. Ryksýni voru tekin í kerskála og skautasmíðju, en ekki rannsökuð með tilliti til magns eða efnasamsetningar.
5. Teknar voru upp stikkprufur af innihaldi andrúmslofts á kolsýrlingi (Co) og síurefni (O_2) og reyndust þessar lofttegundir innan eðlilegra marka.
6. Raka- og hitastig var mælt og álitid eðlilegt við viðkomandi aðstæður og starfsemi.

7. Flúor í sólarhringsþvagi var rannsakað frá 10 starfsmönnum fyrirtækisins, þar af 3 skrifstofumönnum. Reyndist það vera frá 0.6 mg/litri til 3.2 mg/litri, en miðað er við 4.8—5 mg/litri sem hættumörk miðað við 48 tíma.
8. 7 menn af 8, sem veikst höfðu í álverinu, voru kallaðir til viðtals og tekin af þeim nákvæm sjúkrasaga og aflað upplýsinga um rannsóknir á þeim frá öðrum læknum eða stofnunum. Allir höfðu reynst einkennalausir við læknisskoðun þegar þeir hófu störf hjá álverinu.

Niðurstöður þessara rannsókna leiddu í ljós að þessir menn þjáðust af einkennum frá öndunarferum, sem í sumum tilvikum voru mjög slæm. Einnig kom fram ofnæmi hjá sumum þessara manna, en auk þess bar mikið á sleni og þreytu að vinnu lokinni. Flestir höfðu unnið í kerskála, en margir við súralsuppskipun og haft mikla yfirvinnu.

Talið var að mengun andrúmslofts á vinnustöðum þessara manna svo og visst næmi fjögurra af sjö mönnum væri orsök og samverkandi orsök sjúkdómseinkenna þeirra og öll veikindatilfelli ættu að flokkast undir atvinnusjúkdóma. Þannig er talið af Heilbrigðiseftirliti ríkisins að aðstæður í Straumsvík séu þannig að hætta sé á atvinnusjúkdómum hjá starfsmönnum.”

Síðar í skýrslunni kemur fram, að hávaðamælingar hafi farið fram í álverinu í febrúar 1974, framkvæmdar af heyrnardeild Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík. Framkvæmdar voru heyrnarmælingar á 117 starfsmönnum og reyndust 97 hafa skerta heyrn og þar af 30 með verulegt heyrnartap. Segir að niðurstöður mælinganna bendi til óeðlilegrar tíðni heyrnartaps hjá starfsmönnum fyrirtækisins.

Þessar rannsóknir tala sínu máli um mengunarhættuna í Straumsvík og er ekki lengur hægt að afgreiða gagnrýni á ástandið þar sem „vondan áróður alþýðubandalagsmanna.“

Þeim, sem stóðu að samningsgerðinni við Alusuisse um álverið í Straumsvík, er hollast að viðurkenna mistök sín og bregðast við vandanum á þann eina hátt, sem sæmandi er, og knýja á tafarlausa uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja í verksmiðjunni, jafnframt því sem komið verði þar á reglubundnu heilbrigðiseftirliti og mengunarrannsóknum. Allar nauðsynlegar heimildir eru til í lögum og reglugerðum til að krefja auðhringinn um slíkan hreinsitækjabúnað og aðrar heilbrigðisvarnir. Það eina, sem á skortir, eru fyriræli og einurð stjórnvalda. Lengur verður ekki unað við að forráðamenn álversins séu einungis viðræðugóðir í þessum efnun, sem er það orð er eftirlitsaðilar öryggis- og heilbrigðismála hafa gefið þeim. Ráða verður þegar bót á hinum alvarlegu mengunarmálum, bæði innan dyra og utan.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til að stjórnvöld megi finna vilja Alþingis í þessu máli, en hún gerir ráð fyrir, ef samþykkt verður, annars vegar uppsetningu fullkomnustu hreinsitækja, að viðlagðri rekstrarstöðvun ella, og svo hins vegar almennum reglum til að tryggja sem best heilsugæslu meðal starfsfólks og rannsóknir og eftirlit með mengun og áhrifum hennar.